

# GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar.

1. gr.

## *Vatnsgjald.*

Af öllum fasteignum í Vesturbyggð sem tengdar eru vatnsveitu Vesturbyggðar, ber að greiða vatnsgjald árlega til sveitarsjóðs, nema sérstaklega sé um annað samið.

2. gr.

## *Stofn til álagningar vatnsgjalds.*

Vatnsgjald skal lagt á skv. 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

Stofn til álagningar vatnsgjalds skal vera 0,38% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða og 0,50% af fasteignamati allra annarra fasteigna og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum.

3. gr.

## *Gjalddagar.*

- a) Heimæðargjald: Gjalddagi heimæðargjalds vatnsveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Í þeim tilvikum er lóðarhafi, með samþykki skipulags- og umhverfisráðs, nýtir lóð undir annað en byggingu miðast gjalddagi heimæðargjalds við tengingu heimæðar.
- b) Vatnsgjald: Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) Notkunargjald: Gjalddagar notkunargjalds eru á 2ja mánaða fresti. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.
- d) Mælaleiga: Gjalddagi leigugjalds fyrir mæli er 1. febrúar. Eindagi er 20 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

## *Notkunargjald.*

Notkunargjald skal greiða skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 14. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga. Notkunargjald (aukavatnsgjald) er 21 kr./m<sup>3</sup> miðað við vísitölu byggingarkostnaðar, 157,2 stig í október 2021 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

5. gr.

## *Mælaleiga.*

Mælaleigu skv. 7. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga og 14. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga skulu greiddendur notkunargjalds árlega greiða vegna leigu á vatnsmælum sem hér segir:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Mælaleiga á ári</i>
að 20 mm	8.971 kr.
20-24 mm	11.892 kr.
25-31 mm	14.983 kr.
32-39 mm	17.914 kr.
40-49 mm	23.941 kr.
50-74 mm	71.975 kr.
75-99 mm	77.998 kr.
100 mm og stærri	84.021 kr.

Mælaleiga er miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 157,2 stig í október 2021 og breytist hverju sinni til samræmis við breytingar á þeirri vísitölu.

6. gr.

*Heimæðargjald vatnsveitu.*

<i>Þvermál heimæðar PE</i>	<i>Inntaksgjald</i>	<i>Yfirlengd</i>
32 mm	317.439 kr.	6.792 kr.pr.l.m.
40 mm	412.212 kr.	7.736 kr.pr.l.m.
50 mm	555.932 kr.	8.689 kr.pr.l.m.
63 mm	780.191 kr.	10.743 kr.pr.l.m.
75 mm	1.091.310 kr.	15.000 kr.pr.l.m.
90 mm	1.320.338 kr.	23.692 kr.pr.l.m.
100 mm	1.558.783 kr.	27.254 kr.pr.l.m.
110 mm	1.819.765 kr.	36.390 kr.pr.l.m.

Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagdir hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað vatnsveitu Vesturbyggðar við lóðarmörk, að tengistað (inntaksstað) mannvirkis, og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út og samþykkt af starfsmönnum vatnsveitu. Innifalið í heimæðargjaldi er allt að 30 metra lögn.

7. gr.

*Aukagjöld vegna sérstakra aðstæðna.*

Við sérstakar aðstæður, s.s. vegna frosts í jörðu og sprengingar á klöpp, skal greitt sérstakt álag er nemur 25% sem leggst ofan á heimæðargjald skv. 6. gr.

Þurfi að koma til dælingar vegna vatnsaga við lagningu heimæða, skal lóðarhafi greiða eftirfarandi:

Vatnsdæla	3.197 kr./sólarhring
Rafstöð fyrir dælu	4.263 kr./sólarhring

8. gr.

*Ábyrgð á greiðslu gjalda.*

Vatnsgjald og heimæðargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur aðfararheimildar skv. 2. mgr. 9. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Vatnsgjald og heimæðargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði. Notkunargjald og leigugjald, ásamt áföllnum kostnaði og vöxtum, má taka fjárnámi.

9. gr.

*Gildistaka.*

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Vesturbyggðar á 366. fundi þann 15. desember 2021, staðfestist hér með samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004, með síðari breytingum og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005. Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2022. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir vatnsveitu Vesturbyggðar nr. 1561/2020.

*Vesturbyggð, 16. desember 2021.*

  
Rebékka Hilmarsdóttir, bæjarstjóri.  
